
Stefna í íþróttamálum í Reykjavík 2012 - 2020



Maí 2012



ÍTR - Íþróttá- og tómstundasvið Reykjavíkur
ÍBR - Íþróttabandalag Reykjavíkur



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Stefnumótun í íþróttastarfi Reykjavíkur	4
Meginflokkar íþróttastefnunnar:	4
Árangur eldri stefnu (2000-2010)	5
Litið til baka	7
Stefna í íþróttamálum Reykjavíkur til ársins 2020	8
Framtíðarsýn	8
1. Almenningsíþróttir og þátttaka fjölskyldunnar í íþróttum	8
2. Aðgengi barna og ungmenna að íþróttum	12
3. Áherslur í innra starfi félaganna og þjónustu við íbúana	18
4. Samskipti borgaryfirvalda og íþróttafélaganna	22
5. Rekstur, uppbygging og viðhald íþróttamannvirkja	24
Endurskoðun	26
Viðauki:	27
Sviðsmyndir	27
Sviðsmyndir um íþrótt- og tómstundastarf í framtíðinni	28
Sviðsmyndir og stefnumótun	33
Ýmsar hugmyndir um mögulega uppbyggingu íþróttatengdra mannvirkja í Reykjavík í framtíðinni	35
Þátttakendalisti stefnumótunarvinnunnar	36
Notkun frístundakortsins	37

INNGANGUR

Á undanförunum áratugum hafa íþróttafélögin í Reykjavík rekið blómlegt og mikilvægt íþróttastarf í borginni sem fyrst og fremst hefur miðað að barna og unglingastarfi. Grundvöllur alls þess starfs er það mikla sjálfbóðaliðastarf einstaklinga sem unnið er í íþróttafélögunum og hefur verið grunnur í uppbyggingu félaganna og þess mikilvæga starfs sem þar er rekið. Heilbriggt og gott félagslegt uppeldi barna og unglinga er lykillinn að góðu samfélagi fyrir okkur öll. Afreksstarf og keppni hefur á sama tíma verið í stöðugri sókn og æ fleiri íþróttamenn sýna nú framúrskarandi árangur á sínu sviði. Þeir fjármunir sem koma frá Reykjavíkurborg eru notaðir í vinnu íþróttafélaganna með börnum og unglingum og einnig til að skapa aðstöðu til æfinga og keppni hvort sem er fyrir afreksfólk, barna og unglingastarf eða almenningsíþróttir.

Þetta starf er afar mikilvægt borgarsamfélaginu og verður að vinna á faglegan, uppbyggilegan og jákvæðan hátt. Það er mikilvægt að samstarf íþróttahreyfingarinnar í borginni og borgaryfirvalda sé ávallt gott og að traust ríki í öllum samskiptum. Þetta hefur verið reyndin hingað til og þannig á það að vera. Að móta stefnu í málefnum íþróttafélaganna í samstarfi við borgina er liður í því að styrkja sambandið enn frekar. Það er mjög mikilvægt að þessir aðilar stefni að sömu markmiðum og móti sér sameiginlega framtíðarsýn sem unnið er að.

Á fundi borgarráðs þann 6. janúar 2011 var samþykkt verkáætlun og markmið við stefnumótun borgarinnar í íþróttum til ársins 2020 og hefur verkefnið verið unnið samkvæmt því.

Í þessari skýrslu er mörkuð stefna Reykjavíkur í íþróttamálum og við viljum þakka öllum þeim sem tóku þátt í vinnunni með okkur. Á þeim vinnufundum sem haldnir voru komu fram fjöldamargar góðar hugmyndir um framtíðina og hvernig móta ætti starfið. Í upphafi vinnunnar var farið í sviðsmyndavinnu sem er frábært tæki til að víkka sjóndeildarhringinn og gera sér grein fyrir því fjölbreytta umhverfi sem við gætum þurft að mæta í framtíðinni og nauðsynlegt er að hafa í huga við stefnumótunina.

Sævar Kristinsson og Eiríkur Ingólfsson stýrðu vinnunni og viljum við þakka þeim frábært starf ásamt þeim stóra hópi sem að vinnunni komu.

Eva Einarsdóttir formaður ÍTR og Ingvar Sverrisson formaður ÍBR

STEFNUMÓTUN Í ÍPRÓTTASTARFI REYKJAVÍKUR

Segja má að tilgangur stefnumótunarvinnunnar endurspeglar í tveimur megináherslum:

- Setja fram sameiginleg markmið fyrir helstu málaflokka í íþróttastarfi í Reykjavík á komandi árum
- Skilgreina hlutverk Reykjavíkurborgar annars vegar og íþróttafélaganna og ÍBR hins vegar, til að ná þessum markmiðum

Til að vinna þessum þáttum brautargengi var farið út í gerð sviðsmynda um íþróttir og tómstundastarf í Reykjavík í framtíðinni. Nánar má sjá umfjöllun sviðsmyndanna í viðauka. Í kjölfarið var farið í stefnumótunarvinnuna – en segja má að áherslur hennar byggja á þeim meginþáttum sem komu upp í sviðsmyndunum. Alls komu um 60 þátttakendur beint að þátttöku í vinnunni á vinnufundum en auk þeirra voru sendar rafrænar spurningar á um 220 aðila í tengslum við vinnuna. Netspor stýrði bæði sviðsmyndagerð og stefnumótunarvinnu.

MEGINFLOKKAR ÍPRÓTTASTEFNUNNAR:

Meginþættir stefnunnar endurspeglar í eftirfarandi fimm flokkum.

1. Almenningsíþróttir og þátttaka fjölskyldunnar í íþróttum
2. Aðgengi barna og ungmenna að íþróttum
3. Samskipti borgaryfirvalda og íþróttafélaganna
4. Áherslur í innra starfi og þjónustu félaganna við borgarbúa
5. Rekstur, uppbygging og viðhald íþróttamannvirkja í Reykjavík

Framtíðarsýn í íþróttamálum Reykjavíkur byggir á eftirfarandi:

- Heilbrigður lífstíll og reglubundin hreyfing einkenni líf borgarbúa á öllum æviskeiðum
- Íþróttir- og tómstundir verði samtvinnaðar skólastarfi og tryggi börnum og unglingum holla hreyfingu
- Reykvískt afreksfólk verði í fremstu röð í heiminum og reykvísk keppnislið á meðal þeirru bestu á landinu
- Uppfærðar íþróttanámskrár íþróttafélaganna tryggi faglega þjálfun
- Rekstur og uppbygging íþróttamannvirkja verði í takt við þarfir notenda á hverjum tíma.

ÁRANGUR ELDRI STEFNU (2000-2010)

Framtíðarsýn eldri stefnumótunar Reykjavíkurborgar og ÍBR (frá árinu 2000 og endurskoðuð árið 2004), byggði á eftirfarandi meginþáttum:

- Heilbrigð sál í hraustum líkama
- Samþætting skóla-, íþrótt- og tómstundastarfs laði fram það besta í einstaklingnum
- Reykvískt afrekshólf verði í fremstu röð í heiminum
- Íþróttaiðkun almennings verði sú mesta í Evrópu
- Íþróttafélög starfi eftir íþróttanámskrá sem tryggir faglega íþróttþjálfun

Þá var einnig fjallað um uppbyggingu íþróttatengdrar aðstöðu í borginni. Nánari umfjöllun á árangri þessarar uppbyggingar er á bls. 7 í kaflanum "litið til baka".

Margt hefur gengið eftir í framkvæmd og eftirfylgni stefnunnar þótt ætíð megi bæta. Eftirfarandi er rýni á árangur:

Heilbrigð sál

- Mikil vakning hefur orðið á mikilvægi heilsu og heilsueflingar. Almenningsíþróttir eru vinsælar, hvort heldur er að ganga, hlaupa, synda, hjóla, skíða eða spila golf. Náðst hefur að skapa fjölbreytta möguleika til iðkunar almenningsíþróttar m.a. með göngu- og hjólréiðastígum um borgina, betri aðstöðu í sundlaugum, á skíðasvæðum og víðar.
- Svo virðist sem hugtakið „heilbrigð sál í hraustum líkama“ sé ekki í nægjanlegum hávegum haft, einkum þegar kemur að heilbrigði barna og unglinga. Meira er um offituvandamál, jafnvel hjá yngri fólki en áður var. Spurning hvort markviss hreyfing sé ekki eins markviss og hún var.

Samþætting skóla og íþróttastarfs

- Ekki hefur náðst nægjanlegur árangur í samþættingu íþróttafélaga og skólanna, en samvinna íþróttafélaga og frístundamiðstöðva hefur þó verið að aukast. Hefur það m.a. skilað þeim árangri að börnum hefur gefist kostur á auknum fjölbreytileika í frístundastarfi og íþróttastarfi þar sem áhersla er ekki lögð á fulla iðkun heldur frekar þátttöku. Takmarkandi þáttur í þessu er aðstaðan, því eins og staðan er í dag er yfirfullt í langflestum íþróttamannvirkjum á þeim tíma sem börn og unglingar þurfa helst að stunda æfingar. Skortur á menntuðum þjálfurum í sumum greinum hefur einnig verið áskorun.
- Samnýting og samstarf við skóla þarf að vera meira. Þrátt fyrir að áhugi allra sé á auknu samstarfi hefur samþætting og áætlanagerð gengið hægar en vonir stóðu til. Hér hefur vantað meira frumkvæði og aðgerðir þeirra hagsmunaaðila sem stjórna á viðkomandi stöðum.



- Umhverfið og innviðir íþróttafélaganna (þjálfarar/stjórnendur/foreldrar) hafa í gegum tíðina gert miklar kröfur sem oft hafa leitt til brottfalls. Mætti verulega auka fræðslu til að bæta þar úr.

Afreksfólk í fremstu röð

- Að ýmsu leyti hefur náðst verulegur árangur á þessu sviði. Fleiri titlar hafa unnist, fleiri Reykvíkingar eru í landsliðum og fleiri sem keppa meðal þeirra bestu. Betur má þó rannsaka þessa þætti til að geta fullyrt um árangur/árangursleysi.
- Undirbúningi afreksíþróttamiðstöðvar, þar sem mælingar á íþróttafólki munu fara fram, hefur miðað ágætlega og mikilvægt er að hún komist að fullu í gagnið sem fyrst.

Þátttaka í íþróttum mest í Evrópu

- Iðkun íþrótta hefur hefur verið að aukast hérlandis samkvæmt könnunum ÍBR. Ekki eru til staðar mælingar gagnvart Evrópu en samkvæmt norrænni könnun R&G árið 2010 eru Íslendingar líklegri en aðrar norðurlandabjóðir til að stunda íþróttæfingar fjórum sinnum eða oftar í viku.¹

Íþróttanámskrá

- Öll hverfafélögin eru með námskrár og vinna eftir þeim og auk þess eru 24 félög í flokki fyrirmyndafélaga ÍSÍ
- Markmið um upptöku íþróttanámskrár hafa því náðist en nauðsynlegt er að tryggja reglubundna uppfærslu hennar

Brottfall úr íþróttum er enn of mikið og hefur ekki náðst sá árangur sem stefnt var að til að minnka það.

¹ Skv. niðurstöðum Rannsóknar og greiningar fyrir norrænu ráðherranefndina 2010 um iðkun íþrótta

LITIÐ TIL BAKA

Oft er gott að líta til baka og greina þá þætti sem þykja sjálfsgöðir í dag og sjá hvenær þeir hafi bæst við á undanförunum árum.

Árið 1986 – fyrir 25 árum voru ekki til staðar:

- Árbæjarlaug
- Grafarvogslaug
- Íþróttamiðstöðin í Grafarvogi
- Íþróttamiðstöðin við Austurberg
- Víkin
- Íþróttahús Fram
- Íþróttahús KR (stóra)
- Fylkishöll
- TBR - stóra hús
- Korpúlfsstaðir golfvöllur
- Skautasvæði - skautahöll
- Gerviefni á frjálsíþróttavelli í Laugardal
- Flóðljós á Laugardalsvelli
- Húsaleigu- og æfingastyrkir
- Ylströnd
- Félagavellir/ - spilað var á Laugardalsvelli



Ef farið er nær okkur í tíma og skoðað hvað var ekki til staðar árið 2001 af aðstöðu og þjónustu sem þykir sjálfsgöð í dag má nefna:

- Egilshöll
- Innanhússskotaðstaða
- 50 m. innilaug í Laugardal
- Frjálsíþróttahöll
- Laugardalsvöllur 10 þ. sæti
- Gervigrasvellir í öllum hverfum
- 26 battavellir
- Básar
- Laugaból
- Fimleikahús Laugardal
- Fjögurra sæta lyfta í Bláfjöllum
- Leiknishús
- Hlíðarendi í núverandi mynd (með húsi, stúku og völlum)
- Fimleikaaðstaða í Grafarvogi og Norðlingaholti
- Skylmingaaðstaða
- Frístundakort
- Frístundastrætó
- Þjónustusamningar við félög

STEFNA Í ÍÞRÓTTAMÁLUM REYKJAVÍKUR TIL ÁRSINS 2020

FRAMTÍÐARSÝN

- Borgarbúar séu allir meðvitaðir um mikilvægi heilbrigðs lífsstíls og taki virkan þátt í reglubundinni hreyfingu
- Samtvinnað skóla, íþrótta- og tómstundastarf tryggi börnum og unglingum holla og markvissa hreyfingu og tómstundastarf á dagtíma ásamt því að ýta undir aukinn samverutíma fjölskyldunnar
- Reykvískt afreksfólk verði í fremstu röð í heiminum og reykvísk keppnislið á meðal þeirru bestu á landinu
- Allir borgarbúar eigi þess kost að stunda heilsusamlega hreyfingu á öllum æviskeiðum
- Íþróttafélög starfi eftir uppfærðum íþróttanámskrám sem tryggi markvissa íþróttapjálfun ásamt því að gera kröfur um fagleg vinnubrögð og menntun þeirra sem að starfinu koma
- Rekstur og uppbygging íþróttamannvirkja verði í takt við þarfir notenda á hverjum tíma og með tilliti til stöðu mála í þjóðfélaginu.

1. ALMENNINGSÍÞRÓTTIR OG ÞÁTTTAKA FJÖLSKYLDUNNAR Í ÍÞRÓTTUM

Leiðarljós

Meira en 85% íbúa Reykjavíkur stundi skipulega hreyfingu og/eða íþróttir að staðaldri árið 2020.²

Staða:

Megináherslur síðustu ára í uppbyggingu íþróttastarfs hafa verið á barna- og unglingastarf annars vegar og afreksfólk hinsvegar. Þeir sem ekki hafa farið út í afreksíþróttir hafa átt fáa möguleika til að blómstra innan íþróttafélaganna. Þátttökustefnu sem markvisst er verið að

² Skv. könnun frá árinu 2008 stunda að jafnaði 72% borgarbúa reglulega hreyfingu

byggja upp meðal barna og unglunga, er ekki fylgt eftir þegar grunnskóla lýkur. Mismunandi er hvernig staðið er að uppbyggingu almenningsíþrótta hjá íþróttafélögum. Íþróttahreyfingin hefur lítið sem ekkert sinnt öldruðum. Skipulag hjólræða- og göngustíga á höfuðborgarsvæðinu hefur ekki miðast nægjanlega við að tryggja heilbrigðan ferðamáta almennings.

Aðstaða til almenningsíþrótta er fyrst og fremst í sundlaugum, skíðasvæðum, á göngustígum, golfvöllum og líkamsræktarstöðvum.

Tölfræðilegar upplýsingar um reglubundna hreyfingu fjölskyldna eru ekki til staðar. Aðstaða er sjaldan til staðar fyrir foreldra til að sinna eigin líkamsrækt á meðan börnin eru á íþróttaæfingum.

UPPBYGGING ALMENNINGSÍPRÓTTA HJÁ ÍPRÓTTAFÉLÖGUNUM

Áherslur:

- Íþróttafélögin sinni breiðari hópi iðkenda, bæði út frá aldri og getu
- Aðstaða og umgjörð fyrir almenningsíþróttir sé til staðar á sama stað og annað íþróttastarf félaganna
- Auka þarf aðkomu almennings að íþróttafélögum til að félagsauður hverfanna nái að vaxa og dafna
- Fullorðnir og börn hafi aðstöðu til að sinna æfingum á sama stað. Þannig geti foreldrar fylgt börnum á íþróttaæfingar og sinnt eigin íþrótt á sama tíma t.d. farið í sund, skokk, eða keilu á meðan
- Aukið verði framboð hreyfingar fyrir eldri borgara og aðra afmarkaða hópa

Aðgerðir:

- Félagin móti sér svokallaða þátttökustefnu sem gerir iðkendum á öllum aldurstigum kleift að stunda íþróttir án áherslu á keppni
- Í stefnu félaganna verði tilteknar áherslur þeirra í almenningsíþróttum
- Úttekt verði gerð á aðstöðumálum fyrir almenningsíþróttir á félagssvæðum hverfafélaganna og úrbætur gerðar í kjölfarið
- ÍTR, í samvinnu við félagin og ÍBR, vinni að því að gera eldri borgurum kleift að stunda hreyfingu í íþróttamannvirkjum í borginni utan háannatíma

AÐSTAÐA OG SKIPULAG FYRIR ALMENNINGSÍPRÓTTIR

Áherslur:

- Möguleikar til útivistar og hreyfingar í hverfum borgarinnar verði kynntir og nýttir betur.
- Skipulag hjólreiða- og göngustíga miðist við að efla öruggan og heilbrigðan ferðamáta, bæði til að komast til og frá vinnu og eins til að nýta í frístundum.
- Aðstaða á opnum frístundasvæðum verði lagfærð og byggð upp s.s. á útivistarsvæðum borgarinnar
- Aukið verði aðgengi almennings að íþróttamannvirkjum borgarinnar
- Farið verði í sérstakar aðgerðir til að auka nýtingu íþróttamannvirkja utan háannatíma, mannvirkja eins og t.d. Egilshallar, Frjálsíþróttahallar, sundlauga, íþróttahúsa félaga, keiluhalla o.fl.

Aðgerðir:

- ÍTR og ÍBR kynni almenningi möguleika til útivistar og hreyfingar í borginni. Áhersla verði lögð á að nýta vefinn og samfélagsmiðla
- ÍTR og ÍBR komi á fót sjóði til að styrkja uppbyggingu almenningsíþróttastarfs innan íþróttafélaga
- Borgaryfirvöld vinni markvisst að skipulagi og uppbyggingu hjólreiða- og göngustíga í borginni
- Á völdum stöðum í borginni verði komið upp tækjum og búnaði til að gera almenningi kleift að stunda líkamsrækt utandyra – allt árið um kring. Dæmi um þetta gæti verið æfingatæki sem henta utanhúss, sérstök svæði til að iðka parkour, hjólabretti, línuskauta, fótbolta, körfubolta og fleira sem eykur fjölbreytni í útivist borgarbúa
- Reykjavíkurborg geri mögulegt að hafa íþróttamannvirki meira opin fyrir almenning

HLUTVERK FJÖLSKYLDUNNAR Í SKIPULÖGÐU ÍPRÓTTASTARFI

Áherslur:

Hlutverk fjölskyldunnar verði eflt á allan hátt í skipulögðu íþróttastarfi svo sem með auknum möguleikum fyrir forráðamenn barna til íþróttaiðkunar á sama tíma og börnin eru að æfa.

- Þátttaka fjölskyldunnar – kanna þarf hugsanlegar breytingar í skipulagi og rekstri félaganna til að hægt verði að bjóða heildarlausnir fyrir fjölskylduna
- Tryggt verði opið aðgengi fjölskyldna að íþróttaaðstöðu, óháð skipulögðu starfi

- Aðstaða foreldra til að stunda íþróttir/hreyfingu meðan æfingar barna og unglinga fara fram verði tekin með í skipulag á nýtingu og uppbyggingu mannvirkja.

Aðgerðir:

- Æfingar barna og unglinga verði að staðaldri einungis á virkum dögum og mótahald um helgar. Ef ekki eru mót í gangi þá geti íþróttamannvirkin verið opin fyrir almenning og fjölskyldur
- Íþróttafélögin bjóði upp á íþróttatíma fyrir fjölskyldur
- Íþróttafélögin skapi umgjörð og aðstöðu fyrir hreyfingu foreldra á sama tíma og æfingar eru fyrir börn þeirra.



2. AÐGENGI BARNNA OG UNGMENNA AÐ ÍPRÓTTUM

Leiðarljós

Öll börn og ungmenni hafi jafnan aðgang og möguleika til íþróttaiðkunar og nýtingar íþróttamannvirkja án tillits til efnahags og/eða hvort æft sé með keppni í huga. Íþróttafélög leggi áherslu á að taka á móti öllum og bjóða upp á einstaklingsmiðaða þjónustu eins og þeim er framast unnt. Samþætting verði aukin í nærumhverfi barna og unglunga með sérstakri áherslu á samstarf skóla, frístundastarfs og íþróttafélaga.

FRÍSTUNDAKORT

Staðan:

Um 46%³ þeirra sem nota Frístundakortið nýta það til greiðslu til íþróttaiðkunar. Upphæð Frístundakortsins árið 2012 er kr. 25.000

Áherslur


Tryggð verði hámarksnýting Frístundakortsins

- Nýting Frístundakortsins aukist og árið 2015 muni 95% þeirra barna og unglunga 6 – 18 ára sem stunda skipulagt íþróttastarf, nýta kortið til íþróttaiðkunar
- Upphæð Frístundakortsins hækki í takt við þjóðfélagsbreytingar

Aðgerðir:

- Kynning á Frístundakortinu verði efld
- Notkun Frístundakortsins verði einfölduð svo sem í gegnum rafrænt skráningakerfi með beintengingum
- Upphæð Frístundakortsins svari til 50% meðalkostnaðar vegna æfingagjalda

³ Tölur um nýtingu Frístundakortsins 2011



FRÍSTUNDAAKSTUR

Staða:

Íþróttafélögin hafa leitast við að bjóða upp á akstur fyrir börn frá frístundaheimilum á æfingar. Eftir að Reykjavíkurborg fór að styðja fjárhagslega við slíkan akstur fyrir börn í 1. - 4. bekk grunnskólanna bjóða nú öll stærstu íþróttafélögin í Reykjavík upp á slíkan akstur. Í flestum tilfellum sækja foreldrar börnin eftir æfingar.

Strætó hefur ekki náð að sinna þörfum íþrótt- og æskulýðshreyfingarinnar nema að takmörkuðu leyti. Stafar það af því að þjónusta Strætó miðast að mestu við það að flytja fólk á milli hverfa en ekki innan hverfa. Almennt eru vagnar Strætó ehf. ekki hannaðir til að aka inn þröngar götur eins og raunin er svo víða þar sem að grunnskólar, íþróttamannvirki og frístundaheimili eru staðsett.

Auk þess er leiðarkerfi Strætó ekki beint miðað að þátttöku barna og ungmenna í íþrótt- og frístundastarfi og er pottur víða brotinn hvað varðar gangandi og hjólandi umferð. Opinber gögn íþróttahreyfingarinnar sýna fram á mismunun á milli hverfa þegar þátttökutölur eru skoðaðar.

Áherslur:

- Íþróttahreyfingunni er það keppikefli að tryggja jafnt aðgengi allra barna að íþróttum og stuðla að því að þau geti notið yfir 40 íþróttagreina sem í boði eru í Reykjavík

- Samgöngur innan – og milli hverfa verði tryggðar fyrir alla iðkendur hjá íþróttafélögum
- Íþróttæfingar færast fyrir á daginn í takt við óskir foreldra sem hafa í auknum mæli óskað eftir því að börnin séu að miklu leyti búin með sinn „vinnudag“ á sama tíma og foreldrarnir. Æfingar fyrir á daginn hafa einnig reynst félögum vel þar sem þær leiða til betri nýtingar á mannvirkjunum og aukinnar aðsóknar iðkenda.

Aðgerðir:

- Stefnt að einföldu leiðarkerfi í borginni þar sem Strætó geti þjónað óskum íþróttafélaganna um frístundaakstur. Til þess að svo megi verða þá þarf aukinn vilja, fjármagn og breyttar áherslur þeirra sem að málinu koma
- Unnið verði að skipulagningu frístundaaksturs innan og milli hverfa í samráði við Strætó, foreldra, börn og starfsfólk íþróttafélaga, skóla og frístundastarfs. Leitast verði við að byggja á þeirri reynslu sem hverfin hafa af frístundaakstri
- Skipulag verði á hendi eins aðila sem tryggir jafnt samhæfingu samgangna innan hverfa og milli hverfa til að allir hafi svipaðan rétt til að velja sér íþróttagrein.

UPPLÝSINGAGJÖF OG KYNNING

Staðan

Samkvæmt rannsóknum byrjar þátttaka barna í íþróttum að minnka við 11 ára aldur, en stærsti munurinn er milli 12 og 13 ára og svo aftur milli 15 og 16 ára. Skýringin á því er að hluta til fólgin í að margir þekkja ekki þá möguleika sem þeim bjóðast í iðkun annarra íþróttagreina. Eins hefur verið sýnt fram á að sumir forráðamenn barna vita ekki af þeim möguleikum sem börnum þeirra

bjóðast í íþróttaiðkun, m.a. vegna tungumálaerfiðleika. ÍTR hefur nú aðgengilegar, á einum stað, upplýsingar um íþrótt- og tómstundastarf fyrir 6-18 ára börn og unglunga í Reykjavík⁴. Starfshópar um „Ódýrari frístundir“ og „Samstarf ÍTR og ÍBR með hagsmuni barna og unglunga að leiðarljósi“ hafa unnið að tillögum til úrbóta á skipulagi tómstundamála í Reykjavík. Markmið beggja hópanna er að reyna að halda hlutfalli þeirra sem stunda hvers kyns skipulagðar tómstundir sem hæstu og ná til þeirra sem ekki af einhverjum ástæðum geta nýtt sér hin almennu tilboð.



⁴ Upplýsingavefur <http://vefur.itr.is/vetur/desktopdefault.aspx>

Áherslur:

- Grunnskólanemar fá markvissa kynningu á mismunandi íþróttagreinum og gefist kostur á að prófa þær tímabundið
- Efla þarf upplýsingagjöf
- Skapa þarf frekari úrræði fyrir efnum foreldra


Aðgerðir:

- Grunnskólanemendur í 5. bekk (11 ára) fá tækifæri til að prófa 5 æfingar í a.m.k. þremur íþróttagreinum
- Íþróttafélögin kynni grunnskólabörnum þá fjölbreyttu möguleika sem börnum bjóðast í íþróttastarfi borgarinnar með áherslu á reglulega hreyfingu
- Vefir borgarinnar, ÍBR og félaganna verði bættir með það í huga að veita haldgóðar upplýsingar um það starf sem börnum býðst í íþróttastarfi í Reykjavík
- Í samstarfi ÍTR, Velferðasviðs og ÍBR verði kynnt úrræði fyrir þá sem eiga erfitt með greiðslur æfingagjalda
- Skóla- og frístundasvið, í samstarfi við ÍTR, útbúi samræmdar reglur um kynningu á íþróttastarfi innan skólanna

SAMSTARF ÍPRÓTTAFÉLAGA OG SKÓLA - ÍPRÓTTIR VERÐI RAUNVERULEGUR**HLUTI AF SKÓLASTARFI Í BORGinni****Staðan:**

Æfingar barna fara fram nær undantekningarlaust eftir að hefðbundnum skólatíma lýkur. Íþróttamannvirki eru oft vannýtt fyrri hluta dags og ofnýtt seinni hlutann. Æskilegt er fyrir börn að stunda íþróttir á hefðbundnum skólatíma, bæði til að fá útrás fyrir orku og eins til að brjóta upp daginn. Það gæti dregið úr brottfalli en samkvæmt rannsóknum á notkun Frístundakorts byrjar brottfall íþróttar eftir 11-12 ára aldur.

Hlutfall í hverjum aldurshópi sem skráðir eru í starfsemi íþróttafélaga og hlutfall í hverjum aldurshópi sem nýtir Frístundakortið 2010



Hefðir skipta líka máli þegar horft er til hugmynda um að íþróttafélög taki að sér íþróttakennslu í skólum. Að sama skapi munu líkur á þessu aukast með hinu aukna faglega starfi félaganna sem og reynslu af samstarfi skóla, frístundaheimila og íþróttafélaga. Rétt er þó að vekja athygli á því að íþróttaskóli grunnskólabarna, verkefni sem reyndist afar vel og næstum öll börn í 1. bekk tóku þátt í, var skorið alveg niður árið 2011.

Áherslur:

- Íþróttæfingar fari meira inn í samræmdan dag barnsins t.d. þannig að börnin geti sótt íþróttæfingar innan skóladagsins
- Öll skólabörn taki þátt í íþróttum eða annarri hreyfingu og vægi íþrótt/hreyfingar barna og unglinga í námskrá skólanna verði aukið
- Íþróttafélög komi að íþróttakennslu í skólum
- Íþróttafélög geti kynnt nemendum og forráðamönnum þá starfsemi sem þau bjóða uppá.

Aðgerðir:

- Í samstarfi ÍTR, SFS (skóla- og frístundasvið) og ÍBR verði unnið að tilraunaverkefnum með samþættingu íþrótt- og skólastarfs
- Íþróttaskóli grunnskólabarna verði endurvakinn
- Íþróttafélögum gefist kostur á að koma að námskráargerð í íþróttakennslu skóla
- ÍTR, ÍBR og SFS setji í gang tilraunaverkefni þar sem íþróttafélögin koma að íþróttakennslu í skólum
- Gerð verði sameiginleg áætlun skóla- og frístundastarfs um hvernig koma megi í veg fyrir brottfall
- Mótaðar verði reglur um samstarf félaga við skóla varðandi kynningarmál og aðgengi að húsnæði þeirra.

SAMGÖNGUR OG AÐGENGI

Staðan:

Víða um borgina skera stórar umferðæðar þær leiðir sem börn og unglingar þurfa að fara til að stunda íþróttir og skóla. Slíkt býður heim slysaþættu og leiðir til þess að foreldrar þurfa að aka börnum sínum milli staða. Tæp 18% reykvískra barna 13 – 15 ára telja að það hafi

skipt frekar eða mjög miklu máli þegar þau hafi hætt að stunda skipulagt frístundastarf að samgöngur voru ekki nógu góðar⁵.

Áherslur:

- Tryggðar verði öruggar leiðir að skólum og íþróttamannvirkjum fyrir bæði gangandi og hjólandi.

Aðgerðir:

- Reykjavíkurborg í samstarfi við íþróttahreyfinguna í borginni vinni markvisst að því að eyða farartálmum gangandi og hjólandi vegfarenda sem hamlar því að iðkendur geti sótt æfingar með öruggum hætti. Þetta verði gert með undirgöngum eða brúm eftir því sem við á.



⁵ Könnun R&G fyrir ÍTR 2010.

3. ÁHERSLUR Í INNRA STARFI FÉLAGANNA OG ÞJÓNUSTU VIÐ ÍBÚANA

Leiðarljós

Öll starfsemi, rekstur og umgjörð íþróttafélaga í Reykjavík verði með faglegum hætti og tryggi iðkendum bestu mögulega aðstöðu til íþróttaiðkunar og uppbyggingar félagslegra þátta.

Staða:

Innra starf félaganna byggir mjög á hefðum. Smátt og smátt hafa orðið breytingar á því enda meira unnið á faglegan hátt auk þess sem kröfur um sveigjanleika aukast sífellt frá foreldrum og öðrum.

Samstarf innan hverfa, milli þeirra aðila sem hafa með börn og unglinga að gera, er yfirleitt gott og íþróttafélögin hafa gert sig meir og meir gildandi á þeim vettvangi enn og aftur vegna aukinna fagmennsku í vinnubrögðum.

Íþróttahreyfingin á erfitt með að bjóða upp á þróttmikið starf án þessa að fá fjárhagslegan stuðning. Sá stuðningur sem íþróttafélögin hafa fengið frá einkafyrirtækjum hefur dregist saman. Styrkir frá borginni hvað varðar börn og unglinga snúa aðallega að húsaleigu- og æfingastyrkjum og að útvega aðstöðu, en öll þjálfun og umgjörð er greidd með æfingagjöldum. Að auki er aðstaðan sem til staðar er, nú þegar fullnýt á þeim tímum sem ungmenni geta æft. Það er því víðast ekki auðvelt að bæta við hópum þó vilji sé fyrir hendi.

Afreksíþróttafólk hefur í sumum tilvikum átt erfitt með aðgengi að íþróttamannvirkjum auk þess sem Afreks- og styrktarsjóður Reykjavíkur hefur ekki verið til á undanförunum árum. Því hefur reykvískt afreksíþróttafólk ekki haft aðgengi að styrktarfé eins og áður var.

BARNA- OG UNGLINGASTARF

Áhersluatriði:

- Finna leiðir innan félaga til að gefa börnum kost á að æfa á sínum forsendum. T.d. þeir sem eru að æfa eina grein á fullu geti tekið þátt í starfi annarra greina ef áhugi er fyrir hendi þó bara sé til skemmtunar
- Eitt æfingagjald og þú gerir allt sem þig langar í íþróttafélaginu!



- Börn og unglingar sem ekki vilji fara „afreksleið“ í íþróttum geti ástundað sínar greinar með vinunum
- Auka markvisst hreyfingu og virkni barna og unglinga á næstu 5 árum.

Aðgerðir:

- ÍBR ásamt íþróttafulltrúum og yfirþjálfurum félaga vinni að því að gera iðkendum kleift að stunda fleiri en eina íþróttagrein
- Vinnuhópur á vegum ÍBR og íþróttafélaganna verði settur á laggirnar til að leita leiða til að setja í gang verkefnið „Eitt æfingagjald-opið í allt!“
- Samstarf verði milli íþróttafélaga, skóla og félagsmiðstöðva um að móta umgjörð fyrir þá sem vilja vera með í íþróttastarfinu en vilja ekki endilega fara „afreksleiðina“
- ÍTR, SFS, ÍBR og íþróttafélögin skapi börnum og unglingum tækifæri til að stunda sínar greinar óháð keppni.

AFREKSÍPRÓTTASTARF

Áhersluatriði:

- Tryggja reykvísku afreksfólki bestu aðstæður og umgjörð til að ná árangri í sínum greinum
- Leitað verði leiða til að efla samstarf félaga og sameiningu hvað varðar afreksíþróttastarf.

Aðgerðir:

- Afreksíþróttafólk hafi aðgang að sérfræðingum til að mæla líkamlega þætti þeirra og veita ráðgjöf um hvað betur megi fara
- ÍTR/ÍBR tryggi afreksíþróttafólki aðstöðu í íþróttamannvirkjum
- Reykjavíkurborg styrki með fjárframlögum við afreksíþróttafólk, bæði einstaklinga og lið
- ÍBR geri úttekt á því hvar helst væri hægt að koma á samstarfi meðal félaga
- Afreksíþróttamiðstöðin í Laugardal verði efld.

FAGLEG VINNUBRÖGÐ

Áhersluatriði:

- Skilgreina þarf betur hlutverk íþróttafulltrúa og faglega menntun þeirra

- Menntaðir þjálfarar verði í hlutfalli við þátttakendur og íþróttagreinar
 - a. Efla menntun þjálfara hjá félögum innan ÍBR
 - b. Hvetja til ráðninga á menntuðum þjálfurum
- Skipulag, stefna og innra starf íþróttafélaga verði endurskoðað reglulega og fagmennska í öllu starfi þeirra sett fram á einfaldan og skýran hátt
- Rekstur íþróttafélaga verði jákvæður og öll bókhalds- og fjármálaleg umsýsla á faglegum grunni
- Gæðamat og eftirlit verði aukið samfara auknum faglegum kröfum til félaga
- Reglulega verði könnuð ánægja iðkenda með starf félaganna.

Aðgerðir:

- ÍBR vinni með hverfafélagunum varðandi endurskoðun íþróttanámskrár þeirra sem allar verði aðgengilegar á netinu
- Öll félög og deildir innan ÍBR verði hvött til að gerast fyrirmyndafélög ÍSÍ
- ÍBR sjái til þess að öll aðildarfélög hafi aðgengilegar verklagsreglur um rekstur og skipulag starfsseminnar
- ÍTR/ÍBR sendi til íþróttafélaganna spurningalista sem félögin geta nýtt í að skoða innra starf félagsins, þ.e. senda út könnun til félagsmanna sinna. Félögin sendi út könnun árið 2012 og verði hún gerð reglulega eftir það – einskonar ánægjuvög
- ÍBR standi fyrir ýmsum námskeiðum fyrir starfsfólk, stjórnarfólk og aðra í íþróttafélögum innan bandalagsins.

FÉLAGS- OG SJÁLFBODALIÐASTARF

Öflugt sjálfbodaliðastarf er kjarninn í starfsemi íþróttafélaganna. Eðli sjálfbodaliðastarfsins hefur hins vegar verið að breytast á undanförunum árum. Hefur t.d. fjármálaleg umsýsla í auknum mæli færst á hendur launaðra starfsmanna félaganna og sjálfbodaliðar tekið að sér önnur verkefni í staðinn. Ekki hefur verið gerð nákvæm úttekt á umfangi sjálfbodaliðastarfsins og mikilvægt er að afla meiri vitneskju um þennan þátt starfseminnar.

Áherslur:

- Sjálfbodaliðastarf í félögunum verði endurskoðað og eftt og taki mið af nútímapörfum
- Innra starf félaganna miðist við þarfir almennings á öllum aldri
- Fjölga sjálfbodaliðum og efla félagslegan þátt aðstandenda í íþróttastarfi.

**Aðgerðir:**

- Framboð íþróttafélaganna á fjölskyldutengdum verkefnum verði aukið, þ.e. æfingum, sjálfbóðastarfi og fleiru slíku
- Félagslegi þáttur starfsins verði eflur og miðist við að halda iðkendum í félögunum alla ævi. Dæmi um þetta eru viðburðir sem höfða til félagsmanna eða íbúa í hverfum sem þannig tengjast starfi félaganna
- Tengja saman kerfisbundið og auka samskipti milli aðstandenda iðkenda.

AUKIÐ SAMSTARF OG KYNNING INNAN HVERFA**Áherslur:**

- Þjónusta við íbúa verði betri og þeir virkjaðir í starfi íþróttafélaganna. Íþróttafélög eru sameiningartákn í sínum hverfum
- Auka framboð af jaðargreinum inni í hverfum
- Bæta félagsaðstöðu og auka framboð á félagstarfi innan íþróttafélaganna.

Aðgerðir:

- Íþróttafélög verði ætíð metin sem fullgildur aðili í samskiptum um hagsmuni íbúa
- Samstarf íþróttafélaga verði við aðra aðila sem sinna börnum og unglingum í hverfum s.s. við skóla, frístundamiðstöðvar og þjónustumiðstöðvar
- Komið verði upp aðstöðu fyrir hjólabretti, parkour, línuskauta, körfu og fl. inni í hverfunum
- Félögin bjóði uppá "starfsdaga" þar sem greinar innan félaganna verði með opnar æfingar fyrir alla í hverfinu, foreldra líka.

JAFNRÉTTI OG SIÐAMÁL**Áherslur:**

- Skerpa á ábyrgð þeirra sem veita börnum og almenningi þjónustu utan skólatíma
- Tryggja jafnrétti og gagnkvæma virðingu allra sem að íþróttastarfi koma og sérstakt tillit verði tekið til minnihlutahópa.

Aðgerðir:

- Siðareglum verði komið á hjá öllum íþróttafélögum
- Jafnréttisstefna verði mótuð og sett í framkvæmd hjá félögum ÍBR

- Félögum verði reglulega boðið upp á fræðslu um hvernig má sporna gegn hvers konar ofbeldi, þ.m.t. kynferðisofbeldi og hvaða úrræði eru til staðar ef slík mál koma upp
- ÍBR/ÍTR komi upp faghópi til að styðja við félögin við úrlausn erfiðra mála

4. SAMSKIPTI BORGARYFIRVALDA OG ÍPRÓTTAFÉLAGANNA

Leiðarljós

Góður skilningur og traust ríki um mikilvægi starfsins og þörfum þess fjölda sem iðkar íþróttir. Unnið verði eftir faglegum og fjárhagslegum langtímaáætlunum.

Staða:

Samningar Reykjavíkurborgar og íþróttafélaga frá 2008 voru ekki endurnýjaðir, heldur var gerður einn heildarsamningur við ÍBR fyrir hönd allra félaganna árin 2009 til 2012.

Áhersluatriði:

- Gengið verði frá heildarsamningi/samningum milli íþróttahreyfingarinnar og borgarinnar sem allra fyrst þannig að fjármagn til íþróttafélaganna frá Reykjavíkurborg fari í gegnum ÍBR og starfsemi þess styrkist þannig bæði faglega og fjárhagslega. Lögð verði á það áhersla að samningarnir verði til lengri tíma og borgin og félögin leggi sig fram um að standa við þá. Stórnotendasamningur verði gerður vegna orku o.fl.
- Uppbygging og bakgrunnur samninga sé gegnsær og auðskilinn.
- Fjárveitingar til féлага verði til: a) barna- og unglingastarfs b) afreksíþróttar c) almenningsíþróttar d) reksturs íþróttamannvirkja
- Þar sem við á og hagkvæmt þykir, verði komið á auknu samstarfi eða sameiningu féлага eða einstakra deilda
- ÍBR geri samning við félögin um fjármál, faglegt starf og rekstur
- ÍTR verði samstarfs- og samningsaðili við ÍBR og félögin fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

Aðgerðir:

- ÍTR og ÍBR hefji þegar samningaferli þar sem markmiðið er að gera framtíðarsamning milli íþróttahreyfingarinnar í Reykjavík og borgaryfirvalda um þá starfsemi og þjónustu sem íþróttafélögin og ÍBR standi fyrir á komandi árum
- ÍBR/ÍTR meti reglulega samninga íþróttafélaganna með það fyrir augum að greina breytingar á starfsumhverfi þeirra á hverjum tíma

- Fram fari viðræður milli borgarinnar, félaganna og ÍBR til leiðréttingar á þeim kostnaðarauka sem félögin og ÍBR hafa orðið fyrir vegna missis verðbótaþáttar og hækkana annarra kostnaðarliða
- Íþróttafélögin, ÍTR og ÍBR standi fyrir umræðum um aukna samvinnu og mögulega sameiningu íþróttafélaga og/eða einstakra deilda þeirra í borginni
- Gerð verði úttekt á hagrænum áhrifum íþróttastarfs fyrir borgarsamfélagið
- Gerð verði úttekt á rekstri íþróttafélaga.

FAGLEG STÝRING ÍPRÓTTASTARFSINS

Áhersluatriði:

- Markviss eftirfylgni sé með þeirri þjónustu sem félögin veita borgarbúum
 - Betri skilgreining á verkefnum og markmiðasetningu í samningum (ÍBR/ÍTR)
 - Vinnuferlar og eftirlit (ÍBR/ÍTR)
- Efla hlutverk ÍBR sem málsvara reykvískra íþróttafélaga við forgangsröðun varðandi skiptingu og úthlutun fjármagns frá borginni til rekstrar og uppbyggingar mannvirkja
- Fjármagn verði skilyrt í rekstur skrifstofu íþróttafélaganna og öflugt utanumhald um bókhald allra deilda þeirra
- Tryggt verði fjármagn til að félögin hafi á að skipa faglega menntuðum starfsmönnum
- Markviss kynning verði fyrir kjörna fulltrúa borgarinnar á mikilvægi íþróttar.

Aðgerðir:

- ÍTR og ÍBR vinni að því að skilgreina verkefni, markmið, vinnuferla og eftirlit sem ÍBR sinni fyrir borgina
- ÍBR geri reglulega faglega úttekt á því hvaða mannvirki vanti eða þarfnist endurbóta sem og hvar mikilvægast er að lagt verði til fé til rekstrar mannvirkja
- ÍBR og ÍTR geri reglulega rekstrarúttekt á íþróttafélögunum í Reykjavík
- Sérhvert félag hafi a.m.k. einn starfsmann með háskólamenntun á sviði íþróttar og/eða tómstunda auk starfsmanns með faglega þekkingu á rekstri
- Íþróttamálsstofa verði haldin einu sinni á ári þar sem kjörnir fulltrúar borgarinnar hitta fulltrúa allra félaganna þar sem kynnt verði sjónarmið og eins verði stuttar kynningar á rannsóknum, á starfi félaganna og borgin útskýri sína þætti
- Haldinn verði árlega stöðufundur milli borgaryfirvalda og ÍBR um framvindu stefnu í íþróttamálum og önnur hagsmunamál.

5. REKSTUR, UPPBYGGING OG VIÐHALD ÍPRÓTTAMANNVIRKJA

Leiðarljós:

Mikilvægt er að hafa langtímastefnu um uppbyggingu nýrra íþróttamannvirkja. Mannvirkjum sé viðhaldið með reglulegum og eðlilegum hætti til að lágmarka kostnað til lengri tíma.

Staða:

Ríkið greiðir afar lítið til íþróttastarfs innan héraða. Til dæmis er umtalsverður hluti af notkun tíma í mannvirkjum í Reykjavík fyrir sérsambönd s.s. vegna landsleikja og æfinga landsliða greiddur af ÍTR. Sérsambönd eru landssambönd og því þyrftu að fylgja fjármunir til þessara þátta í þeirra rekstri þannig að þau geti greitt fyrir þessa notkun. Í raun er hér verið að taka æfingatíma og þar með fjármuni af iðkendum innan borgarinnar. Aðkoma ríkis að uppbyggingu mannvirkja, sem sannanlega er hægt að líta á sem þjóðarleikvanga, er afar lítil. Viðræður eru hafnar af hálfu ÍTR og ÍBR við mennta- og menningamálaráðuneytið um aðkomu ríkis að rekstri og uppbyggingu þjóðarleikvanga í Reykjavík.

Viðhaldi ýmissa íþróttamannvirkja borgarinnar er mjög ábótavant þar sem ekki hafa verið settir fjármunir í slíkt um árábil. Af þeim sökum eru dæmi um að mannvirki liggi undir skemmdum og einnig þarf að gera víða úrbætur vegna öryggismála. Þá hefur uppbygging íþróttamannvirkja verið í lágmarki síðustu ár.

SKIPULAG VIÐHALDS MANNVIRKJA OG FJÁRMAGN TIL ÞESS Í FRAMTÍÐINNI

Áhersluatriði:

- Sett verði fram raunhæf langtímaáætlun um viðhald íþróttamannvirkja og gerð framkvæmdaáætlun fyrir hvert mannvirki fyrir sig
- Sett verði í samninga viðhaldsáætlun fyrir íþróttamannvirki félaganna sem eiga og reka mannvirki

Aðgerðir:

- Öll mannvirki verði tekin út reglulega af fagaðilum og niðurstöður sendar til íþróttafélaga og borgar. Félögin forgangsraða svo því sem mikilvægast er að gera. Allt sem varðar öryggismál verði sett í forgang
- Borgin geri ráð fyrir árlegu framlagi til reglulegs viðhalds íþróttamannvirkja.

TRYGGJA ÞARF SAMRÆMI MILLI HVERFA VARÐANDI AÐGENGI AÐ

ÍÞRÓTTAMANNVIRKJUM

Áhersluatriði:

- Íþróttafélögum verði skapaður grundvöllur til að tryggja íbúum í hverfum borgarinnar möguleika til fjölbreyttrar íþróttaiðkunar
- Uppbygging íþróttamannvirkja verði raunverulegur hluti af uppbyggingu nýrra hverfa
- Gerð verði úttekt á eignarhaldi íþróttamannvirkja í borginni og rekstri þeirra til að hægt verði að leggja faglegt mat á besta form slíks eignarhalds.

Aðgerðir:

- Safnað verði upplýsingum um þarfir borgarbúa og hverfanna og í kjölfarið forgangsraðað fjárveitingum til íþróttafélaganna. Mikilvæg vinna sem þarf að eiga sér stað er að kortleggja borgina og hverfin með tilliti til eftirfarandi þátta:
 1. Greining verði gerð á aldursskipingu eftir hverfum
 2. Fjöldi íþróttafélaga og greina sem í boði er
 3. Mannvirki og aðgengi að þeim
 4. Hvað þarf að gera til að tryggja sambærilega aðstöðu milli hverfa
- ÍTR og ÍBR geri könnun og samanburð á hagkvæmni mismunandi útfærslna á rekstri íþróttamannvirkja í borginni
- Breytingar verði á rekstrarfyrirkomulagi á stærri íþróttamannvirkjum skólanna og rekstur fluttur til ÍTR
- ÍTR og félögin annist rekstur og umhirðu íþróttavalla
- Skipuð verði nú þegar sérstök mannvirkjanefnd með fulltrúum frá Reykjavíkurborg, ÍBR og fulltrúum félaganna. Nefndin fari yfir hugmyndir og tillögur um ný mannvirki og geri tillögur til borgaryfirvalda um forgangs röðun.

BÆTT NÝTING MANNVIRKJA MEÐ AUKINNI SAMVINNU FÉLAGA

Áhersluatriði:

- Kannað verði með samstarf um nýtingu sérhæfðra mannvirkja á höfuðborgarsvæðinu
- Íþróttafélögin vinni betur saman hvað sumar íþróttagreinar varðar með samnýtingu mannvirkja
- Komið verði á samræmdri notkunarskráningu milli ÍTR/SFS/ÍBR á notkun íþróttamannvirkja í Reykjavík
- Komið verði á sérstökum tölfræðibanka um nýtingu íþróttahúsa, iðkun og aðsókn.

Aðgerðir:

- Kanna hvernig nýting íþróttamannvirkja er í heild sinni, líka á tímanum fyrir kl. 16:00 á virkum dögum með samnýtingu félaga í huga
- ÍTR og ÍBR fái endurbættan hugbúnað til að halda utanum alla notkunarskráningu á íþróttamannvirkjum í Reykjavík
- Kortlagning verði gerð á sérhæfðum mannvirkjum á höfuðborgarsvæðinu
- Íþróttafélög opni meira á aðgengi skóla og almennings að mannvirkjum sínum t.d. varðandi íþróttir og hreyfingu, fundi, árshátíðir og fleira slíkt.

ÞJÓÐARLEIKVANGAR**Áhersluatriði:**

- Ríkið komi að uppbyggingu íþróttamannvirkja á Íslandi s.s. þjóðarleikvanga fyrir tilteknar íþróttagreinar
- Mótuð verði stefna um staðsetningu þjóðarleikvanga á Íslandi
- Árlegt framlag ríkis til þjóðarleikvanga (rekstur og stofnkostnaðar) verði skilgreint m.a. út frá notkun sérsambanda vegna æfinga, landsleikja og mótahalds

Aðgerðir:

- ÍTR og ÍBR í samstarfi við ríkisvaldið og ÍSí skilgreini hugtakið “þjóðarleikvangur”
- ÍBR, ÍTR og ÍSí skilgreini hvar þjóðarleikvangar skuli staðsettir
- Þátttaka og framlag ríkissjóðs í rekstri þjóðarleikvanga verði skilgreint
- Samningar um þjóðarleikvanga verði skilgreindir og gerðir meira á vettvangi sérsambanda við ríkið með aðkomu borgarinnar. Þar verði gert ráð fyrir æfingum og keppni landsliða.
- Stofnaður verði vinnuhópur um aðkomu ríkisins að uppbyggingu og rekstri á þjóðarleikvöngum

ENDURSKOÐUN

Stefnumótun sem þessa þarf að endurskoða reglulega til að taka mið af þeim öru breytingum sem eru í þjóðfélaginu, ásamt því að taka tillit til þeirra þátta sem unnið hefur verið að. Því er áriðandi að að leggja mat á árangur, endurskoða og uppfæra stefnumótunina reglulega og eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

VIÐAUKI:

SVIÐSMYNDIR

Þegar móta á stefnu til margra ára er mikilvægt að átta sig á því hvernig samfélagið geti hugsanlega þróast og hvaða áhrif það muni hafa á íþrótt- og tómstundastarf. En enginn veit hvað framtíðin ber í skauti og því getur verið gagnlegt að velta upp nokkrum mismunandi möguleikum og skoða hvaða þýðingu mismunandi þróun getur haft.

Sú aðferð sem mest er notuð við slíka greiningu byggir á gerð sviðsmynda, þar sem skoðað er hvernig samspil mismunandi drifkrafta og óvissupátta getur leitt til mismunandi framtíðarþróunar.

AÐ SKOÐA FRAMTÍÐINA

Það að skoða og skilja framtíðina er ekki verkefni sem unnið er í eitt skipti fyrir öll. Sviðsmyndirnar efla og styðja við viðvarandi og sameiginlega umfjöllun um framtíðina og efla stöðuga og jákvæða þróun í stefnumótunarumræðu.

Sviðsmyndirnar byggjast oft á því að koma auga á mikilvægar samfélagsbreytingar sem gætu verið í uppsiglingu. Hægt er að greina teikn um breytingu þótt hún sé ekki hafin fyrir alvöru. Með því að lýsa þessum breytingum sem þróun sem gengið hefur mjög langt geta sviðsmyndirnar oftast en ekki komið á óvart.

Það er ekki nauðsynlegt að allar sögurnar byggist á róttækum samfélagsbreytingum því stundum geta hugsanlegar afleiðingar þess að framlengja þróun liðinna ára, 10-20 ár fram í tímann, komið jafn mikið á óvart.

Oft er rekist á hluti sem koma á óvart, hluti sem benda til þess að einhver breyting hafi átt sér stað. Með því að kanna hvað geti valdið þessari breytingu og aftur hvað valdi því, getum við rakið okkur til þróunar og drifkrafta sem valda þessum breytingum. Ef þessum spurningum er haldið nógu lengi áfram er á endanum komið að nokkrum kröftum sem kalla má ofurstrauma,

OFURSTRAUMAR

Ofurstraumar eru eins og undiralda eða sjávarföll sem eru undirliggjandi orsök allra drifkrafta. Ofurstraumar eru oft flokkaðir í eftirfarandi flokka:

- Stjórnmalapróun – Alþjóðavæðing
- Lýðfræðileg þróun
- Efnahagsþróun

- Samfélagsþróun
- Tækniþróun
- Umhverfisþróun

SVIÐSMYNDIR UM ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDASTARF Í FRAMTÍÐINNI

Sviðsmyndirnar voru unnar af um 40 manna hópi á tveimur vinnufundum í júní 2011. Byrjað var á að skoða nokkra mikilvæga áhrifaþætti sem með einum eða öðrum hætti munu hafa áhrif á íþrótt- og tómstundastarfsemi í Reykjavík á komandi árum. Þessir þættir komu meðal annars fram í skoðanakönnun sem gerð var í tengslum við verkefnið, meðal fulltrúa frá íþróttafélögum, starfsmönnum ÍTR, borgarfulltrúum og fleirum.

Lýðfræðilegar breytingar

- Á næstu 20 árum mun fjöldi einstaklinga 60 ára og eldri aukast verulega, meðan fjöldi 20 ára og yngri mun lítið breytast
- Þetta mun hafa margvísleg áhrif, bæði á eftirspurn eftir þjónustu og aukin útgjöld opinberra aðila. Framfærslubyrðin mun þyngjast verulega
- Fleiri lifa mun lengur og við betri heilsu en áður

Sjálfboðastarf á undir högg að sækja

- Minni tími – fleiri valkostir
- Meiri kröfur um fagmennsku
- Erfiðara að manna ýmisskonar starfsemi

Meira fyrir minna viðhorf í samfélaginu

- Almenn krafa í samfélaginu um hagræðingu, meira fyrir minna.
- Ekki meiri vinna fyrir sama árangur
- Ýtir undir samruna

Breyttar kröfur fjölskyldunnar

- Aukin ósk um sveigjanleika
- Vilja ekki binda sig langt fram í tímann
- Geta nálgast viðburði gegnum netið fyrirvaralaust

Samfélag netsamskipta og tengsla

- Allir geta tengst öllum
- Allir geta lært hvað sem er hvenær sem er
- Það verður reglan að deila með öðrum



- Þeir sem reyna að „einangra“ sig verða útundan
- Áhersla á aukna samvinnu, verkaskiptingu og langtímaárangur

Leikjavæðing samfélagsins

- Tölvuleikir eru stærsti afþreyingarmiðillinn
- Nám og þjálfun gegnum leiki
- Punktasöfnun á öllum sviðum
- Hreyfingaleikir eru vaxandi grein
- Nýjar íþróttagreinar vaxa utan íþróttahreyfingarinnar

Vaxandi lífstíllssjúkdómar

- Aukin áhersla á lýðheilsu og fyrirbyggjandi aðgerðir

Sviðsmyndavinnan leiddi fram marga mikilvæga óvissuþætti varðandi þróun íþróttastarfs í borginni. Má þar t.d. nefna:

- Fjármál- fjármögnun
- Kröfur að vera í takt við tímann
- Aðgangur og möguleikar til ástundunar
- Skipulag- samstarf og nýtingu
- Samstarf við skóla
- Mismunur milli hverfa
- Sjálfboðaliðastarf
- Árangur í afreksstarfi
- Heilsufar
- Þátttöku
- Tækniþróun- tæknivæðingu

Á vinnufundunum voru þessir þættir greindir nánar til þess að sjá hvaða þættir væru mikilvægustu óvissuþættirnir. Þeir mynda uppistöðuna í sviðsmyndunum, tvo óvissuása. Þeir tveir þættir sem taldir voru mikilvægastir voru:

Þróun í samstarfi (heimila, félaga, skóla, osfrv.) og hugarfari innan íþróttahreyfingarinnar til breytinga. Það er að segja hvort almennt væri lögð áhersla á að laga sig að breytingum, eða halda í hefðir og venjur. Þessi ás var kallaður:

- Samstarf og hugarfar


Þróun í fjármögnun íþrótta- og tómstundastarfsemi. Mun starfsemin verða fjármögnuð með opinberu fjármagni eða munu aðrar fjármögnunarleiðir verða ofaná. Þessi ás var kallaður:

- Opinber fjármögnun


Þegar unnið er með sviðsmyndir er gjarnan notuð sú tækni að ímynda sér að þróun (í eina eða aðra átt) stefni í átt að því sem kalla má „öfgakennt“ ástand, þ.e. verði algerlega ráðandi. Þannig stefnir ásinn um opinbera fjármögnun annars vegar í algera opinber fjármögnun (100%) en hins vegar í enga opinbera fjármögnun (0%). Þetta er gert til þess að skerpa á lýsingunum og auðvelda sýn á hugsanlegar afleiðingar, þótt sennilega verði raunveruleg útkoma einhversstaðar á milli pólananna.

Rétt er að vekja athygli á því að það að starfsemin sé 100% fjármögnuð með opinberu fé þýðir ekki endilega að starfsemin fái ótakmarkað fjármagn

Eftirfarandi mynd sýnir ásana með einföldum skýringum:




Þegar þessir drifkraftar eru látnir mynda kross, koma út fjórar mismunandi samsetningar á hugsanlegri þróun eins og sjá má á eftirfarandi mynd:



Þetta eru sviðsmyndirnar í sinnu einföldustu mynd, oft kallaðar grunngerð sviðsmyndanna.

Sviðsmundunum voru gefin lýsandi nöfn:



Á vinnufundunum var síðan unnið með sviðsmyndirnar og skoðað hvernig staðan gæti verið ef við værum komin til ársins 2020 og starfsumhverfi íþrótta- og tómstundastarfsemi væri

með þeim hætti sem lýst er í grunngerðinni. Hvernig gæti samfélagið þróast í þessa átt, hvernig myndu aðrir óvissuþættir geta þróast og hvaða afleiðingar hefði það fyrir þætti sem minni óvissa ríkir um, svo sem breytta aldurssamsetningu þjóðarinnar.

Sviðsmyndirnar eru birtar í sérstöku hefti, en meðal punkta úr hverri sögu má nefna eftirfarandi:

A) SNÚUM BÖKUM SAMAN

Árið 2025 einkenndist íþróttastarf í Reykjavík annars vegar af því að skörp skil voru á milli þeirra félaga sem héldu uppi afreks- og meistaraflokkum og þeirra sem lögðu áherslu á íþróttir barna og unglunga. Félögin á höfuðborgarsvæðinu höfðu sameinast, gjarnan þvert á sveitarfélagamörk og alls störfuðu á höfuðborgarsvæðinu 6 félög sem sáu um rekstur afreks- og meistaraflokka. Tvö þeirra einbeittu sér að einstaklings-íþróttum en hin héldu úti meistaraflokkum karla og kvenna í nokkrum greinum hópíþróttar (boltaíþróttar). Þessu til viðbótar starfaði fjöldi lítilla félaga gjarnan hverfabundið eða með sérhæfingu í einstökum íþróttagreinum.

B) ALLIR Á MÓTI ÖLLUM

Árið 2025 hafði orðið mikil breyting á skipulagi íþróttar- og tómstundastarfs á höfuðborgarsvæðinu.

Vaxandi kostnaður borgarinnar, m.a. vegna fjölgunar eldri borgara, hækkandi rekstrar- og viðhaldskostnaðar íþróttamannvirkja, óska um fyrirsjáanlegri útgjöld og pólitískra áherslna, leiddi til þess að þau íþróttamannvirki (og „félagsmiðstöðvar“) sem ekki voru þegar rekin af íþróttafélögunum voru afhent frjálsum félagasamtökum til eignar og afnota.

Jafnframt var tekin upp föst greiðsla fyrir hvert barn (5 - 16 ára) sem foreldrar gátu notað til að greiða fyrir þátttöku í íþróttar- og tómstundastarfi. Foreldrar fengu þannig eyrnamerkta peninga sem þeir gátu notað til að kaupa þjónustu fyrir en höfðu líka möguleika á að bæta við úr eigin vasa.

Þetta skapaði mikla samkeppni meðal félaganna um að ná til sín börnum og unglingum með því að bjóða upp á starfsemi sem var í takt við nýjar kröfur. En þau reyndu líka að ná til sín börnum fjársterkra foreldra sem gátu greitt fyrir betri þjálfara eða aðstöðu.

Úr fréttum 25. ágúst 2025

CCP-KR stærstir

Um nýliðna helgi stóð CCP-KR fyrir stærstu tölvuleikjakeppni sem fram hefur farið í heiminum. Þátttakendur voru um tvær milljónir og skiptust þeir í 5 leikjaflokka....

C) HEILBRIGÐ SÁL Í HRAUSTUM LÍKAMA

Árið 2025 var Ísland samfélag þar sem heilbrigði og hreyfing voru í fyrirrúmi. Stjórnvöld höfðu ákveðið snemma á öðrum áratug aldarinnar að efla almenningssípróttir og hreyfingu með það fyrir augum að bæta almenna heilsu og í þeirri von að þannig mætti draga úr útgjöldum við heilbrigðiskerfið og umönnun aldraðra í framtíðinni.

Þannig voru útgjöld til almenningssípróttar skilgreind sem hluti af heilbrigðisútgjöldum og stýrt af heilbrigðisfyrirvöldum. Lögfest var að aðgangur að ákveðnum heilsumannvirkjum, s.s. sundlaugum, skyldi vera ókeypis. Samhliða þessu var áætlunin um reyklaust Ísland 2020 samþykkt.

D) ÍPRÓTTIR FYRIR ALLA?

Árið 2025 var íþróttar- og tómstundastarfið á Íslandi orðið samtvinnað skólakerfinu og rekið sem hluti af því. Lögð var mikil áhersla á að allir tækju þátt og uppeldisgildin voru höfð í fyrirrúmi í öllu íþróttar- og tómstundastarfi. Þessu fylgdi mikill samruni íþróttafélaga og gjörbreyting á skipulagi íþróttamála. Á höfuðborgarsvæðinu hélst þetta í hendur við nýtt hverfaskipulag og sameiningu skóla í stærri einingar.

Ný hverfi voru mynduð og framkvæmdastjórn sett í hvert hverfi. Hverfisstjórnin sinnti fjórum málaflokkum: skólum og íþróttum, félagsmálum fyrir alla aldursflokka, velferðarþjónustu og framkvæmdum. Lögð var mikil áhersla á hagræðingu og að nýta fjárfestingar sem best. Notendur voru fluttir milli hverfa í stað þess að byggja aðstöðu í hverju hverfi.

Mælingar mánaðarins lofa góðu

Örflögulestur 10 til 12 ára barna á Íslandi gefur til kynna að meðalþyngd þessa hóps hafi minnkað um 5% á síðustu árum og hreyfing aukist um 3%. Þessa þróun má rekja beint til miðstýringar íþróttamála hjá íþróttasviði Íslands, þar sem öll börn eru skyldug til að velja sér íþróttagrein sem þau stunda.

SVIÐSMYNDIR OG STEFNUMÓTUN

Sviðsmyndirnar lýsa ytra framtíðarumhverfi þess aðila sem myndirnar eru unnar fyrir og þeim drifkröftum sem hafa áhrif á hvernig þróunin verður. Myndirnar eru notaðar meðal annars til að velta upp ógnunum og tækifærum fyrir framtíðarstefnuna. Stefnumótunin snýst



hins vegar um að velja aðgerðir til að nýta tækifærin og verjast ógnunum, sem sviðsmyndirnar gefa vísbendingu um.

Með því að skoða ógnanir og tækifæri út frá fleiri hugsanlegum framtíðarmyndum en bara einni, má sjá fleiri möguleika en ella og koma auga á hluti sem annars hefði yfirsést. Með því að setja starfsemina inn í mismunandi starfsumhverfi í framtíðinni má sjá hvernig hún getur þróast á ólíkan hátt. Þannig fæst betri skilningur á því hvaða kostum við stöndum frammi fyrir.

Rétt er á ítreka að sviðsmyndirnar eru ekki stefna, spá eða framreikningur. Þær eru heldur ekki framtíðarsýn þótt það megi nota þær til að móta slíka sýn.

Sögurnar/sviðsmyndirnar ber að skoða sem eina heild eins og horft sé á viðfangsefnið gegnum mismunandi gleraugu eða frá mismunandi hliðum. Engin ein saga mun rætast fyllilega, framtíðin verður einhver blanda af öllum sögunum. Hvernig sú blanda verður getur meðal annars ráðist af þeirri stefnu sem mótuð er í kjölfar sviðsmyndavinnunnar.

ÝMSAR HUGMYNDIR UM MÖGULEGA UPPBYGGINGU ÍÞRÓTTATENGDRAR MANNVIRKJA Í REYKJAVÍK Í FRAMTÍÐINNI

Eftirfarandi eru ýmsar hugmyndir um mögulega uppbyggingu mannvirkja í höfuðborginni á komandi árum. Listinn er ekki forgangsraðaður.

1. Keppnisvelliir fyrir knattspyrnu , samnýttir af félögum:
 - a. Neðan Stekkjarbakka í Elliðaárdal fyrir ÍR og Víking.
 - b. Neðan við Stórhöfða í landi Keldna innst í Grafarvogi fyrir Fjölni, Fylki og Fram.
 - c. Á Gufunesi fyrir öll félögin
2. Knattspyrnhús í vesturhluta borgarinnar t.d. nærri Háskóla Íslands.
3. Snjóframleiðsla á skíðasvæðum.
4. Framtíðarskíðasvæði fyrir höfuðborgarsvæðið á nýjum stað t.d. í botni Hvalfjarðar.
5. Skíðahús í Úlfarsfelli.
6. Íþróttahús í Úlfarsárdal.
7. Íþróttahús í Grafarvogi fyrir inniþróttir
8. Íþróttahús í Mjódd.
9. Nýr alþjóðlegur keppnisvöllur fyrir frjálsíþróttir í Laugardal, gjarnan tengdur Laugardalshöll.
10. Æfingavöllur fyrir frjálsíþróttir á ÍR-svæði.
11. Æfingavöllur fyrir frjálsíþróttir á Fjölnissvæði.
12. Æfingasvellur í Laugardal.
13. Klifurveggur (lágmark 15m hár) t.d. í frjálsíþróttahöll.
14. Aðstaða fyrir siglingar, seglbáta og róður fyrir börn og fullorðna á einum stað t.d. í Gufunesi.
15. Tennishús við TBR hús.
16. Badmintonhús í austurhluta borgarinnar.
17. Fjölnota hús í Laugardal fyrir dans, bardagaíþróttir, sjálfsvarnariþróttir, ólympískar lyftingar, kraftlyftingar o.fl.
18. Grassvæði fyrir hafnabolta, rugby, krikket og fótbolta. Opið íþróttafélögum og almenningi (Gufunes?).
19. Tveir gervigrasvelliir á tennisvelli í Víkinni.
20. Strandblakvelliir t.d. í Laugardal.
21. Svæði fyrir ungt fólk til að leika sér í ýmsum íþróttum s.s. parcour, bmx, línuskauta, speedskating, bretti, körfubolti, strandblak, strandhandbolta, strandfótbolta.
22. Trompfimleikahús
23. Boccia- völlur á Klambratún
24. Golfvelliir (bæði útivelliir og æfingaaðstöðu innanhúss)

ÞÁTTTAKENDALISTI STEFNUMÓTUNARVINNUNNAR

Nafn:	Félag:
Anna Lilja Sigurðardóttir	ÍBR
Atli Steinn Árnason	ÍTR
Auður Ólafsdóttir	Víkingur
Árni Rudolf	SKRR
Ásdís Ásbjörnsdóttir	ÍTR
Björn Valdimarsson	SRR
Brynja Guðjónsdóttir	ÍBR
Daði Guðmundsson	Fram
Diljá Ámundadóttir	ÍTR/Besti flokkur
Eva Einarsdóttir	ÍTR
Frímann Ari Ferdinandsson	ÍBR
Geir Sveinsson	ÍTR / Sjálfstæðisfl.
Gísli Árni Eggertsson	ÍTR
Gísli Jensson	ÍTR/Sundhöll
Guðrún Kaldal	ÍTR
Guðrún ósk Jakobsdóttir	ÍBR/Fylkir
Gígja Gunnarsdóttir	ÍBR
Hafliði Halldórsson	ÍTR
Haukur Þór Haraldsson	ÍR
Haraldur Daði Ragnarsson	Valur
Haraldur Haraldsson	Víkingur
Haraldur Sigurðsson	ÍTR
Helgi Gunnarsson	ÍTR
Hilmar Sigurðsson	ÍTR
Hjörtur Þorgilsson	Fjölnir
Hörður Guðjónsson	Fylkir
Hörður H.Guðbjörnsson	UMFK(Kjalarnes)
Hörður Oddfríðarson	Ægir
Ingvar Sverrisson	ÍBR
Jens Á. Jónsson	ÍTR
Jón Finnur Hansson	Fákur
Jón Þór Ólason	Ármann
Kjartan Ásmundsson	ÍBR
Kjartan Magnússon	ÍTR / Sjálfstæðisfl.
Lilja Sigurðardóttir	ÍBR
Logi Sigurfinnsson	ÍTR/Laugardalslaug
Magnús Árnason	Skíðasv.höfuðb.sv.
Margrét Ólafsdóttir	Skautaf.Rvk
Málfríður Sigurhansdóttir	Fjölnir
Ólafur Ólafsson	Ösp
Ómar Einarsson	ÍTR
Páll Kolbeinsson	KR

Ragnhildur Skúladóttir	Valur
Raj Bonfacius	Hafna og mjúkboltaf.
Rúnar Sigurðsson	Fákur
Sigfús Ægir Árnason	TBR
Sigrún Sveinbjörnsdóttir	ÍTR
Soffía Pálsdóttir	ÍTR
Sólveig Valgeirsdóttir	ÍTR
Steinþór Einarsson	ÍTR
Sveinn Muller	Klifurfél.Rvk.
Viggó H. Viggósson	ÍBR
Pór Björnsson	Fram
Práinn Hafsteinsson	FÍRR
Örn Andrésson	ÍBR
Örn Hafsteinsson	Fylkir

Verkefnisstjórn: Sævar Kristinsson og Eiríkur Ingólfsson frá Netpsor

Einnig var sendur út rafrænn spurningalisti til 220 aðila í tengslum við stefnumótunarvinnuna.

NOTKUN FRÍSTUNDAKORTSINS

Gögn frá Rannsóknnum og greiningu á notkun frístundakortsins. Styður þetta við aðrar niðurstöður um að brottfall byrji við 11-12 ára aldurinn.

	Raun 2009	Raun/áætlun 2010	Áætlun 2011
6-9 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	71%	76%	77%
10-12 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	77%	75%	85%
13-15 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	63%	66%	74%
16-18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	55%	62%	66%
Fjöldi félaga með aðild	143	170	203